

**43. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38,
22. október 2019
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Einir Steinn Björnsson (ESB), Benedikt Davíð Hreggviðsson (BDH),
Aðalsteinn Magnússon (AM), Bryndís Sigurðardóttir (BS), Jóhann Birkir
Helgason (JBH) og Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG).

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason

Dagskrá:

Benedikt Hreggviðsson vék af fundi undir þessum lið.

1. Breyting á deiliskipulagi - Norður botn - 1902432

Tekin fyrir Skipulags- og matslýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi
Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 og breytingu á deiliskipulagi í Norður Botni dags. 6.
september 2019 unnin af Verkís hf.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila að
skipulags- og matslýsing verði kynnt opinberlega skv. skipulagslögum nr.123/2010 og
lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Skipulags- og matslýsing verði tekin til
meðferðar í samræmi við 40. gr. í VIII. kafla skipulagslaga nr. 123/2010.*

Benedikt kemur aftur inn á fundinn

2. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041

Teknar fyrir umsagnir fyrir skipulagslýsingu vegna endurskoðunar á Aðalskipulagi
Tálknafjarðarhrepps 2019-2031.

Lagt fram til kynningar.

**3. Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps. Breyting á aðalskipulagi við Dunhaga. -
1712033**

Tekið fyrir bréf Skipulagsstofnunar dags. 26. september 2019 þar sem lagt er til
smávægilegar athugasemdir á skipulaginu og málsmeðferð, einnig lagður fram
uppfærður uppdráttur.

*Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd samþykkir áorðnar breytingar og beinir því
til sveitarstjórnar að aðalskipulagsbreytingin verði send til Skipulagsstofnunar til
staðfestingar sbr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

4. Vatn Krafa um úrbætur vegna kaldavatsinntaks - 1801040

Tekið fyrir bréf frá Logos dags. 12. september 2019 er varðar þrýsting á
kaldavatsinntaki og gæði neysluvatns í fasteignum við Strandgötu 2, 4 og 6 á
Tálknafirði.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd felur byggingarfulltrúa að teikna upp
lagnaleið, gerð verðkönnunar og kostnaðaráætlunar í samstarfi við sveitarstjóra og
formann.*

Benedikt Hreggviðsson vék af fundi undir þessum lið.

6. Breyting á aðalskipulagi - 1902411

Tekin fyrir Skipulags- og matslýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 og breytingu á deiliskipulagi í Norður Botni dags. 6. september 2019 unnin af Verkís hf.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila að skipulags- og matslýsing verði kynnt opinberlega skv. skipulagslögum nr.123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Skipulags- og matslýsing verði tekin til meðferðar í samræmi við 30. gr. í VIII. kafla skipulagslaga nr. 123/2010.

Benedikt kemur aftur inn á fundinn

7. Lækkun hámarkshraða í þéttbýli Tálknafjarðar - 1909262

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Jónatan Guðbrandssyni dags. 9. október 2019 er varðar umferðaröryggi og hámarkshraða í þéttbýli Tálknafjarðar. Meðfylgjandi er stöplarit sem sýnir líkindi banaslyss eftir ökuhraða.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hámarkshraði um Strandgötu sé 50 km/klst, aðrar götur og hafnarsvæði verði með 30 km/klst.

8. Úttekt á slökkviliði Tálknafjarðar 2019 - 1909269

Tekið fyrir bréf frá Mannvirkjastofnun dags. 25. september 2019 er varðar úttekt á Slökkviliði Tálknafjarðar 2019.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til að hringtengja vatnslagnir í götum til að tryggja nægt vatn að brunahönum, samhliða því að leggja af vatnsbólíð í Geitá. Einungis verði því um eitt vatnsból að ræða, í Hrafnadal. Farið verði í þessa framkvæmd samhliða vatnslögn fyrir Strandgötu 2-22.

9. Sveinseyri Ytri - 1909251

Tekin fyrir yfirlýsing um landamerki fyrir Sveinseyri-Ytri.

Lagt fram til kynningar.

10. Neysluvatnssýni 27.08.2019 - 1909286

Tekið fyrir rannsóknarsýni frá Matís ohf dags. 28.08.2019 er varðar neysluvatnssýni. Skv. niðurstöðum stenst vatnið gæðakröfur skv. reglugerð 536/2001.

Lagt fram til kynningar.

11. Ósk um breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps - 1910423

Tekið fyrir bréf frá Landslögum dags. 11. október 2019 er varðar ósk um breytingu á Aðalskipulagi Tálknafjarðar og samsvarandi breytingu á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar vegna Strandgötu 25.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hafna erindinu því ekki er æskilegt að minnka hafnarsvæðið.

12. Reglugerð fyrir hitaveitu Tálknafjarðarhrepps - 1910428

Tekin fyrir drög að gjaldskrá og drög að reglugerð fyrir Hitaveitu Tálknafjarðar.

Lagt fram til kynningar.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að settir verði upp rennismælar á þá staði sem nýta vatn úr hitaveitunni til að vita hversu mikið vatn er nýtt og í framhaldinu hversu mikið er til afnota fyrir aðra notendur komi til sölu á heitu vatni.

43. fundur
15.11.2019

Benedikt Hreggviðsson víkur af fundi undir þessum lið.

13. 20 m³ olíutankur í Norður Botni - 1905001

Tekið fyrir erindi frá Sigurvini Hreiðarssyni fyrir hönd Arctic Smolt dags. 4.10.2019 er varðar bráðabirgðaleyfi fyrir fyrir 20.000 lítra olíugeymi.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að gefa út stöðuleyfi til eins árs.

Benedikt kemur aftur til fundar.

14. Stöðuleyfi gáma - 1811017

Umræða um stöðuleyfi fyrir gáma í sveitarfélaginu.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd felur bæjarstjóra að auglýsa á heimasíðu sveitarfélagsins að sækja þurfi um stöðuleyfi fyrir gáma og báta sbr. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

5. Fasteignamat 2020 - 1906374

Tekið fyrir bréf frá Þjóðskrá Íslands dags 30. september 2019 er varðar leiðréttingu á fasteignamati 2020 fyrir fjölbýli.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:15.

Einir Steinn Björnsson (ESB)

Benedikt Davíð Hreggviðsson
(BDH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Bryndís Sigurðardóttir (BS)
